

## S2 Tónmennt 5.-7. bekkur 2019-2020

Kennarar:

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 er tilgreint að tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt. Hæfniviðmið fyrir tónmennt á yngsta stigi grunnskóla má finna í Aðalnámskrá grunnskóla (2013), greinasvið á bls. 150. Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar má finna í Aðalnámskrá grunnskóla (2013), greinasvið á bls. 142.

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

Nemendur í 5.-7. bekk fá tónmenntakennslu tvær kennslustundir á viku eina önn yfir veturinn. Tíminn er skiptur á milli tveggja kennara. Fyrsti bekkur verður í tónmennt á haustönn og annar bekkur kemur á miðönn og vorönn. Söngstund er einu sinni á viku í 15 mínútur í senn þar sem fram fer samsöngur nemenda í 1.-4. bekk.

### **Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum**

Lögð verður áhersla á söng og samspil þar sem nemendur fá sýnikennslu og taka þátt í verklegum æfingum. Mikil áhersla er lögð á hlustun og fá nemendur að kynnst mismunandi tónlist og hljóðfærum. Einnig verður lögð áhersla á námsleiki þar sem nemendur kynnst ýmsum tónlistarhugtökum í gegnum leik og hreyfingu.

### **Námsgögn**

Ýmis skólahljóðfæri og aðrir hljóðgjafar sem við finnum í nærumhverfinu. Annað kennsluefni sem notað verður: *Syngjandi skóli, Töfrakassinn, Leikjum og syngjum, Það var lagið, Við spilum og leikum við litlu börnin, Hugarfrelsi – Aðferðir til að efla börn og unglinga, Verkefni eftir Bergljótu Jónsdóttur* og efni tekið af netinu.

### **Námsmat**

Styðst verður við símat kennara þar áhersla verður lögð á:

- Frumkvæði, sköpun og áræðni
- Ástundun, úthald og ábyrgð
- Samskipti og samstarf

## **S2 - Upplýsingamennt 2019-2020 5.-7.b**

### ***Kennari:***

#### ***2 kennslustund á viku í eina önn***

Öll kennsla í Grunnskólanum á Helli byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt sett fram í fimm flokkum: Vinnulag og vinnubrögð; Upplýsingaöflun og úrvinnsla; Tækni og búnaður; Sköpun og miðlun; Siðferði og öryggismál. Á blaðsíðum 226-228 í 26. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um upplýsinga- og tæknimennt, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

### **Kennsluhættir**

Áhersla er lögð á að kynna nemendum fyrir spjaldtölvunni og að nemendur temji sér ákveðnar umgengnisreglur varðandi spjaldtölvurnar. Notast verður við ýmis smáforrit og vefsíðuna náms.is og aðallega farið í íslensku- og stærðfræðileiki. Nemendur verða kynntir fyrir fartölvunni og kynnast forritunum Word og Paint.

### **Námsgögn**

Spjaldtölvur og tölvur.

### **Námsmat**

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni.

## **S-2 Textilmennt 2019-2020 5.-7. bekk skipt í þrjá hópa.**

Kennarar: Anna Guðlaug Albertsdóttir

Öll kennsla í Grunnskólanum á Helli byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í textilmennt sett fram í þrjá mismunandi flokka:

- Handverk, aðferðir og tækni,
- Sköpun, hönnun og útfærsla
- Menning og umhverfi.

Á blaðsíðum 158-165 í 21.12-21.14. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um textil, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

<https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

## **Kennsluhættir**

Nemendur í smiðju 2 fá 80 mín. kennslu í textílmennt á viku eina önn á vetri. Þeir fá þjálfun í vélsaumi, útsaumi og prjóni. Nemendur vinna eftir leiðsögn kennara . Unnið er með grunnaðferðir og tækni innan textílmenntarinnar og flóknari aðferðum bætt við smátt og smátt, allt eftir getu hvers og eins.

Nemendur mega taka verkefni með sér heim til að vinna í þar, þetta reynir á sjálfstæði, samvirkusemi og virkni nemandans.

## **Námsgögn**

- <http://vefir.nams.is/textilmennt/index.htm>
- Hinar ýmsu handavinnu- og prjónabækur.
- Hugmyndir af netinu.
- Verkefni úr verkefnasafni kennara.

## **Námsmat**

Símat er alla önnina. Við námsmat er haft í huga aldur barnanna, frumkvæði og sköpun, ástundun og hegðun, handbragð og samskipti.